

**Nd.**

**276. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

A eftir 1. málgr. 4. gr. komi ný málgr., er hljóði svo:

Nú skýrir kjósandi frá því, að hann, sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, sje eigi fær um að kjósa á þann hátt, sem fyrirskipað er í lögum þessum, og skal þá sá, er kjósandi nefnir til og nærstaddur er, veita honum aðstoð til að kjósa. Skal þessa getið í fylgibrjefinu, svo og nafns þess, er aðstoðina veitti. Sá, er aðstoðina veitti, er bundinn þagnarskyldu um það, hvernig atkvæði kjósanda hefir fallið.

Tala gr. breytist samkv. atkvæðagreiðslu.